

316. þingmál - frumvarp til laga um menningarminjar. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis óskar viðbragða mennta- og menningarmálaráðuneytis við athugasemdum umsagnaraðila, sem nefndinni hafa borist.

- Um er að ræða 15 umsagnir, og í þeim felast meira en 140 ábendingar um efni einstakra greina frumvarpsins (en það telur 59 gr. auk ákvæða til bráðabirgða).

Hér að neðan eru viðbrögð Eiríks Þorlákssonar og Ragheiðar H. Þórarinsdóttur, starfsmanna ráðuneytisins, við nokkrum athugasemdum umsagnaraðila, í þeirri röð sem þau bárust nefndinni.
- Kynnt á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 27. mars 2012.

Greinargerð:

Athygli nefndarinnar er vakin á því að svo til allir umsagnaraðilar hafa haft tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið á fyrri stigum þess. Flestar fyrirbyggjandi ábendingar hafa verið til skoðunar áður, sumar oftast en einu sinni. Athygli vekur að í sumum tilfellum hafa umsagnaraðilar skipt um skoðun og vilja ekki lengur standa við fyrri tillögur, sem tekið hefur verið tillit til og felldar hafa verið inn í frumvarpið.

Samantekt:

Í ljósi þeirra umsagna, sem hér eru til umfjöllunar, eru gerðar tillögur um eftirfarandi breytingar á fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um menningarminjar:

1. - Um breytingu á 4. gr., og að 1. málslíður hennar hljóði svo:

„Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:“

2. - Um breytingu á 10. gr., og að 2. mgr. hennar hljóði svo:

„Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis, sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.“

3. - Um breytingu á 18. gr., og að 1. málslíður 1. mgr. hennar hljóði svo:

„Friðlýsa má fornleifar, skip og bátar, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.“

4. - Um breytingu á 20. gr., og að í 1. málslíð 1. mgr. hennar verði orðið „staðbundinna“ fellt brott. Að lokinni breytingu hljóði málsqreinin í heild svo:

„Minjastofnun Íslands getur ákveðið skyndifriðun menningarminja sem hafa sérstakt menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, en hafa þó ekki verið friðlýstar eða njóta lögbundinnar friðunar, sé hætta á að minjunum verði spillt, þær glattist eða gildi þeirra rýrt á einhvern hátt. Meðan á skyndifriðun stendur gilda reglur um friðlýsingu.“

5. - Um breytingu á 1. mgr. 40. gr., og að hún hljóði svo eftir breytingar:

„Öllum gripum sem finnast og sýnum sem tekin eru skal skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra ásamt skrá yfir gripi og sýni í því formi sem safnið ákveður.“

6. - Um breytingu á 40. gr., og að 4. mgr. hennar hljóði svo:

„Standi rannsóknaraðili ekki skil á gripum, sýnum og rannsóknarögnum í samræmi við ákvæði 1. og 3. mgr. getur það haft áhrif á afgreiðslu frekari umsókna viðkomandi um ný rannsóknarleyfi.“

7. - Um breytingu á 55. gr., og að 1. málslíður 1. mgr. hennar hljóði svo:

„Minjastofnun Íslands getur laqt allt að 300.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á framkvæmdaraðila sem vanrækir að:“

8. - Um breytingu á 55. gr., og að við hana bætist ný málsgrein, sem hljóði svo:

„Við setningu reglugerða um fornleifaskráningu og húsafriðun ber að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.“

Umfjöllun um einstök erindi sem allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis bærust:

Erindi nr. P 140/1027:

Helgi Torfason f.h. Náttúruminjasafn Íslands gerir athugasemd við 6 greinar frumvarpsins:

6. gr. – Um skilgreiningu á fornleifarannsókn: Því haldið fram að skráning sé ekki hluti rannsóknar, og breyta ætti skilgreiningunni á rannsókn.

- Ekki hafa komið fram tillaga af þessu tagi áður í fyrri umferðum, en skilgreining fornleifarannsókna er skýrð ítarlega í greininni sjálfri og umfjöllun um hana í athugasemdum við frumvarpið, og ekki talin ástæða til að breyta þeirri skilgreiningu. - Ekki lögð til breytingu.

8. og 9. gr. – Um fornminjanefnda og húsafriðunarnefnd: Það hlutverk nefnda að bæði setja reglur og veita umsagnir um umsóknir er véfengt, og því haldið fram að heppilegra sé að undirnefndir veiti umsagnir.

- Ekki hafa komið fram tillaga af þessu tagi áður í fyrri umferðum; þetta er þó sama kerfi og t.d. safnaráð mun viðhafa skv. safnalögum og ekki var gerð athugasemd við þegar það frumvarp var til meðferðar á Alþingi. - Ekki lögð til breytingu.

10. gr. – Um skipting landsins í minjasvæði: Því er haldið fram að landinu hafi þegar verið skipt í slík svæði, og ætti sú skipting að koma fram hér eða a.m.k. upplýsingar um hana í greinargerð.

- Ekki hafa komið fram tillaga af þessu tagi áður; ný lög geta ekki verið bundin af slíkum ráðstöfunum skv. eldri lögum. - Ekki lögð til breytingu.

36. gr. – Um fornleifarannsóknir: Andmælt er kvöð um að tilkynna allar fornleifarannsóknir til Minjastofnunar, og talið nægilegt að tilkynna rannsóknir sem raska minjum.

- Ní hefur ekki kvartað undan þessu atriði í fyrri umferðum: Tilgangur þessa ákvæðis er margræddur og kemur skýrt fram í greinargerð, þ.e. til að stofnunin geti haft yfirsýn yfir allar rannsóknir sem unnið er að hverju sinni og sinnt eftirlitshlutverki sínu. Einungis þarf að sækja um leyfi fyrir rannsóknum sem raska minjum svo tilkynning á slíkum rannsóknum einvörðungu er ekki fullnægjandi til að markmiði þessa ákvæðis frumvarpsins verði náð. - Ekki lögð til breytingu.

45. gr. – Um heimildir til að flytja menningarminjar úr landi: Telur varla stætt á því að samþykkja þetta lagaákvæði án þess að lágmarksverðgildi liggja fyrir.

- Ní hefur ekki kvartað undan þessu atriði í fyrri umferðum: Ávæðið er kjarni XI. kafla laganna og í 2. mgr. kemur skýrt fram að ráðherra skuli kveða á um verðgildi í greinargerð. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1056:

Skrifstofa borgarstjórnar Reykjavíkurborgar gerir athugasemd við nokkur atriði, að fengnum ábendingum borgarminjavarðar og skipulags- og byggingasviðs:

15. gr. – Um skráningu vegna skipulags eða undurbúnings framkvæmda: Bent er á að skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar hafa sveitarfélög rétt til að skipa málum sem sveitarfélög eiga að annast á þann hátt sem hentar á hverjum stað, og að mikilvægt sé að skráningar fornleifa og friðara og friðlýstra húsa verði tengdar miðlægum gagnagrunni um mannvirki.

- Síðustu mgr. greinarinnar hefur verið breytt til að tryggja samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þessi mál, og mögulegt að setja frekari ákvæði í reglugerð. - Ekki lögð til breyting.

22. gr. – Um friðhelgun og merkingar: Bent er á að 100 m friðhelgað svæði utan um friðlýstar fornleifar getur illa átt við í þéttu borgarumhverfi. Þó í ákvæðinu felist einnig að Minjastofnun hafi heimild til að veita leyfi til framkvæmda innan slíkra svæða, komi ekki skýrt fram hver skuli bera kostnað af því ef hætta þarf við framkvæmdir sem fyrirhugaðar hafa verið inna slíks verndarsvæðis.

- VI. kafli í heild fjallar um verndun og varðveislu fornminja. Friðhelgun af því tagi sem hér um ræðir hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera þekkt, og því verður ekki veitt heimild til framkvæmda innan slíks svæðis án leyfis Minjastofnunar. Ekki verður séð að fjalla þurfi í lögum um greiðslu kostnaðar eða bóta vegna framkvæmda sem eru fyrirhugaðar, en ekki hafa verið heimilaðar í samræmi við ákvæði 1. mgr. - Ekki lögð til breyting.

31. gr. – Um friðlýst hús og mannvirki: Orðalag greinarinnar er talið of óljóst að hluta, og ekki sé skýrt hvort leyfi (eða samþykki) Minjastofnunar þurfi til allra breytinga á friðlýstu húsi eða mannvirki og að ekki sé ótvírætt hvort um er að ræða leyfi minjastofnunar eða e.t.v. byggingaleyfi skv. lögum um mannvirki í 2. mgr.

- Í athugasemdum um greinina er vísað til þess að við friðlýsingu er gerð skýr grein fyrir til hvaða hluta húss eða mannvirkis friðlýsing nær, og orðalag greinarinnar vísar til þess að leyfi Minjastofnunar þurfi fyrir breytingum sem varða friðlýsingu, en ekki öðru. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1093:

Albína Hulda Pálsdóttir/Íslenskar fornleifarannsóknir ehf. fjallar um 24 greinar frumvarpsins, og gerir fjölmargar athugasemd við einstök atriði. Hér verður fjallað um þau helstu:

2. gr. – Um þjóðminjar: Lagt er til að þjóðminjar skulu friðaðar, en ekki friðlýstar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

- Í athugasemdum um greinina er útskýrð nánar skilgreining á þjóðminjum, en það hugtak getur náð til fleiri/annarra minja en þeirra sem njóta friðunar skv. aldurákvæðum laganna, og því er lagt til að slíkar minjar verði friðlýstar. - Ekki lögð til breyting.

3. gr. – Um fornminjar: Lagt er til að haldið verði við 100 ára regluna um friðun fornminja, en ekki verði miðað við ákveðið ártal eins og gert er í frumvarpinu (1900).

- Í athugasemdum um greinina er fjallar ítarlega um forsendur þeirrar breytingar, sem hér um ræðir, og rétt að vísa til þeirrar umfjöllunar. - Ekki lögð til breyting.

5. gr. – Um friðun og friðlýsingu: Lagt er til að einungis verði notað hugtakið friðun, en ekki friðlýsing eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

- Í athugasemdum um greinina er skýrður greinarmunur á merkingu hugtakanna, og hvers vegna þau eru notuð. - Ekki lögð til breyting.

8. gr. – Um skipan fornminjanefndar: Lagt er til að félög fornleifafræðinga tilnefni tvo fulltrúa og námsbraut í fornleifafræði við HÍ einn. Þá er lagt til að nefndinni verði ekki falið að fjalla um tillögur um friðlýsingar fornleifa og afnám friðlýsinga, og að þjóðminjavörður skuli ekki sitja fundi hennar.

- Skv. tillögunni tilnefndu fornleifafræðingar helming nefndarmanna, en þeir sem annast forngripi (forverðir eða safnafólk) enga. Þá virðist útlökun þjóðminjavarðar þjóna sama tilgangi, þ.e. að áherslur nefndarinnar skuli beinast að fornleifum, en ekki fornminjum almennt, eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. frumvarpsins. - Ekki lögð til breyting.

11. gr. – Um hlutverk Minjastofnunar: Lagt til að i.-lið verði breytt á þann vega að heimild hennar til rannsóka verði bundin við „*nauðsynlegar rannsóknir og vettvangskannanir á yfirborði*“.

- Þessi þrenging frá núverandi orðalagi getur sett óþarfa hömlur á slíkar rannsóknir, þar sem skv. henni mætti stofnunin t.d. ekki grafa könnunarskurð við vettvangskönnun. - Ekki lögð til breyting.

12. gr. – Um forstöðumann: Lagt til að gerð verði krafa um framhaldsmenntun á háskólastigi.

- Mikið hefur verið rætt um starfsgengi forstöðumanns, og ítrekað gert grein fyrir að með ákvæðinu sé verið að setja sambærileg starfsgengisskilyrði og gilda um fjölda annarra. - Ekki lögð til breyting.

13. gr. – Um minjaverði: Lagt til að gerð verði krafa um framhaldsmenntun á háskólastigi.

- Einnig hefur verið rætt um starfsgengi minjavarða, og ítrekað gert grein fyrir að með ákvæðinu sé verið að setja sambærileg starfsgengisskilyrði og gilda um fjölda annarra. - Ekki lögð til breyting.

18. og 19. Um friðlýsingu: Lagt er til að öll ákvæði frumvarpsins um friðlýsingu verði felld út og friðun fornleifa látin duga.

- Muni á friðun og friðlýsingu er lýst í 5. gr. og þessi hugtök eru notuð með markvissum hætti í frumvarpinu, og eitt af markmiðum þess er samhæfð notkun hugtakanna ekki aðeins um fornminjar heldur einnig um hús og mannvirki. - Ekki lögð til breyting.

28. gr. – Um kostnað við rannsóknir: Talið er að í 2. mgr. felist tvítekning, og ekki sé skýrt hvað felist í „*umfangsmiklum framkvæmdum*“.

- Í athugasemdum um greinina er skýrt nánar hvað í þessu felst, og ekki á að vera vafi á því að framkvæmdaaðilar bera ábyrgð á kostnaði við rannsóknir, aðrar en vettvangskannanir sem gerðar eru í þeim tilgangi að staðfesta eðli og umfang fornminja. - Ekki lögð til breyting.

36. gr. – Um fornleifarannsókn: Í stað þess að tala um að stjórnandi rannsókna skuli hafa „*tilskilda menntun í fornleifafræði*“ er lagt til að sagt verði að hann stjórnandinn skuli „*að lágmarki hafa framhaldsmenntun á háskólastigi í fornleifafræði*“.

- Í ákvæðinu kemur einnig fram að viðkomandi skuli uppfylla skilyrði sem Minjastofnun setur fyrir veiting leyfa, og í því ætti að felast næg heimild til að skilgreina „*tilskilda menntun*“ frekar, ef stofnuninni þykir ástæða til. - Ekki lögð til breyting.

38. gr. – Um skyndirannsókn: Lagt er til að heiti greinarinnar verði um „*Rannsókn á áður ókunnum fornminjum*“ í stað „*Skyndirannsóknir*“.

- Í athugasemdum um greinina, sem og í orðalagi greinarinnar sjálfrar, kemur vel fram hvað átt er við með hugtakinu „*skyndirannsókn*“, sem felist í raun í rannsókn á áður ókunnum fornminjum. Hugtakið hefur verið í almennri notkun um árabíl og ástæðulaust að forðast það. - Ekki lögð til breyting.

39. gr. – Um rannsókn friðlýstra fornleifa: Lagt er til að heiti greinarinnar verði um „Rannsókn á þjóðminjum“ í stað „Rannsókn friðlýstra fornleifa“.

- Í athugasemdum um greinina, sem og í orðalagi greinarinnar sjálftrar, kemur vel fram að þær friðlýstu fornleifar sem hér um ræðir eru þjóðminjar. Í frumvarpinu hefur verið valið að nota fyrra hugtakið, þar sem það er almennara og í reynd víðtækara. - Ekki lögð til breyting.

40. gr. – Um lok fornleifarannsóknar: Lagðar eru til þrjár breytingar á greininni, þ.e. að skila skuli gripum og sýnum til þjóðminjasafns skv. 1. mgr. innan „þess tíma sem tilgreindur er í rannsóknarleyfi“ fremur en innan eins árs, sem ekki er talið raunhæft, að skilað verði skv. 3. mgr. „afritum af öllum gögnum“ fremur en frumgögnum, og að tiltekið verði í 4. mgr. að rannsóknaraðili skuli m.a. standa skil á „áfanga- og lokaskýrslum“ í stað þess að standa skil á „rannsóknarskýrslum“, þar sem misbrestur hefur verið á því að fornleifafræðingar skili slíkum gögnum tímanlega.

- Fjallað er ítarlega um ákvæði greinarinnar í athugasemdum, og þar m.a. lýst forsendum þeirra. Þar sem áfanga- og lokaskýrslur hljóta að teljast meðal rannsóknarskýrslna sem vísað er til í 3. mgr. er óþarfi að tiltaka þær sérstaklega.

- Hinsvegar er ljóst af yfirllestri að ástæða er til að leiðrétta mistök í 4 mgr., en þar vantar tilvísun til 1. mgr. þar sem vísað er til gripa og sýna. Sömu mistök koma fram í umsögn í athugasemdum.

- Lögð er til sú breyting á 40. gr., að 4. mgr. hennar hljóði svo:

„Standi rannsóknaraðili ekki skil á gripum, sýnum og rannsóknargögnum í samræmi við ákvæði 1. og 3. mgr. getur það haft áhrif á afgreiðslu frekari umsókna viðkomandi um ný rannsóknarleyfi.“

42. gr. – Um fornminjasjóð: Lagt er til að sett verði inn ákvæði um að til sjóðsins greiðist einnig framlag úr Jöfnunasjóði sveitarfélaga, jafnhátt og greitt er í húsafriðunarsjóð.

- Hugmynd um slíkt framlag var kynnt á fyrri stigum vinnslu frumvarpsins. Samband íslenskra sveitarfélaga lagðist eindregið gegn slíku ákvæði, og taldi að skyldur sveitarfélaga og þar með mögulegur kostnaður vegna fornleifarannsóknna væru vel skilgreindar í öðrum greinum frumvarpsins; ekki væri hægt að samþykkja auknar álögur á sveitarfélög með þessum hætti. - Ekki lögð til breyting.

45. gr. – Um menningarminjar sem þarf formlegt leyfi til að flytja úr landi: Lagt er til að í 13. lið verði bætt ákvæði um söfn sem hafa gildi fyrir fornleifafræði.

- Sú upptalning sem um er að ræða í greininni er samsvarandi lista í 5. gr. laga nr. 57/2011 um skil menningarverðmæta til annarra landa, sem byggir á upphaflegum lista í tilskipun Evrópusambandsins EU Council Directive 93/7/EEC frá 15. mars 1993. Má ætla að tilvísanir til safna sem hafa gildi fyrir sagnfræði, steingervingafræði, mannfræði eða myntfræði séu nægileg vörn fyrir möguleg söfn forngripa og/eða fornleifa, sem og lögin kunna að ná til. - Ekki lögð til breyting.

52. gr. – Um skrár: Lagt er til að inn í greinina verði bætt ákvæði um að þær skrár sem þarna er vísað til verði birtar „á aðgengilegan hátt“.

- Ákvæði í lögum um að opinber stofnun skuli birta upplýsingar fela í sér kröfu um opinbera birtingu; slíkt birting skal eðli sínu samkvæmt ætíð vera aðgengileg. - Ekki lögð til breyting.

55. gr. – Um dagsektir: Gerð er tillaga um endurröðun liða og lækkun heimildar til dagsekta (í 50 þús.kr.) vegna allra liða nema broti gegn áskorun Minjastofnunar um stöðvun framkvæmda, sem verði hækkuð (í 500 þús.kr.). Þá er lagt til að umrætt hámark verði vísitölubundið.

- Hér er um heimildarákvæði að ræða, og fyrirbyggjandi upphæð í frumvarpinu er hámarkstala. Ekki er ástæða til að ætla að Minjastofnun nýti þá heimild að hámarki nema í undantekningartilvikum, og ekki ástæða til að fara að greina slíkt hámark eftir efnisflokkum. Almennt eru slík hámark heimilda ekki tengd vísitölu í lögum, og því var slíkt ekki lagt til í frumvarpinu. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1094:

Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson / Fornleifastofnun Íslands fjalla um 17 greinar frumvarpsins, og gera athugasemd við ýmis atriði. Hér verður fjallað um þau helstu:

6. gr. – Um rannsóknir á fornleifum: Lagt er til að í lögunum verði tekin upp sérstök skilgreining á fornleifauppgrefti.

- Í greininni er hugtakið fornleifarannsókn skilgreint. Rannsókn sem felur í sér jarðrask (= uppgröftur) er með í þeirri skilgreiningu og á ekkert að fara á milli mála. Það er mikilvægt að halda hinni víðari skilgreiningu á rannsókn til að ná tilgangi laganna. - Ekki lögð til breyting.

7. gr. – Um yfirstjórn og framkvæmd: Talið er að ákvæðið megi skilja svo að Minjastofnun Íslands eigi að hafa með yfirstjórn yfir öðrum stofnunum sem hafa hlutverki að gegna í vörslu menningarminja.

- Ekki er ætlunin að Minjastofnun gegni slíku hlutverki. Inntak greinarinnar er það að Minjastofnun annast framkvæmd verndunar og vörslu menningarminja en fari ekki með yfirstjórn, enda er það í 1. málslið skilgreint sem hlutverk ráðherra að fara með þá yfirstjórn. - Ekki lögð til breyting.

8. gr. – Um fornminjanefnd: Gerð er athugasemd við samsetningu nefndarinnar og yfirleitt hvor þörf sé á að setja nefndina á fót. Þá er lagt til að hlutur fornleifafræðinga verði meiri við skipan í nefndina, og loks véfengt að þörf sé á að forstöðumenn Minjastofnunar og Þjóðminjasafns sitji í nefndinni

- Umræður um skipan fornminjanefndar koma fram hjá fleiri aðilum (sjá umfjöllun um erindi nr. Þ 140/1039 hér að framan og um erindi nr. Þ140//1120 hér á eftir). Í athugasemdum er almennt litið fram hjá því að skv. skilgreiningu í 3. gr. eru fornminjar líka forngripir. Skipun fornminjanefndar er til samræmis við skipun annarra fagnefnda á sviði menningararf, t.d. húsafriðunarnefndar og safnaráðs. Þetta er viðleitni til valddreifingar og að koma armslengdarprinsippinu á og að sjónarmið fleiri en stofnunarinnar komi fram.

- Hlutverk fornminjanefndar snýr fyrst og fremst að verndun. Nauðsynlegt er að fá sjónarmið fleiri aðila á því sviði inn í nefndina. Þjóðminjasafnið er höfuðsafn á sviði menningarminja og mikilvægur samstarfsaðili Minjastofnunar, en forstöðumaður þess á ekki sæti í nefndinni, heldur situr hann fundi hennar stöðu sinnar vegna. - Ekki lögð til breyting.

24. gr. – Um áður ókunnar fornminjar: Lagt er til að í greininni verði ákvæði þar sem segi að Minjastofnun Íslands hafi heimild til að fela öðrum aðilum vettvangskönnun skv. 1. mgr.

- Í 2. mgr. greinarinnar segir: „Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.“ Í umræddum málslið segir ekki að stofnunin skuli sjálf framkvæma slíka vettvangskönnun, og verður því að telja að í henni felist heimild til að fela öðrum slík verkefni – og að þar með sé fyrir hendi sú heimild sem lagt er til að sett verði inn í greinina. - Ekki lögð til breyting.

36. gr. - Um fornleifarannsókn, 37. gr. – um rannsóknarleyfi, 39. gr.- Um rannsókn friðlýstra fornleifa og 40. gr. – Um lok fornleifarannsóknar: Gerðar eru athugasemdir við ákvæði greinanna þess efnis að þær skerði athafnafrelsi fornleifafræðinga og lagt er til að þeim verði breytt með ýmsum hætti: Ekki þurfi að tilkynna allar fornleifarannsóknir til Minjastofnunar, ekki þurfi að leita leyfis skv. XI kafla laganna til að flytja sýni eða gripi úr landi, ekki þurfi að skilgreina ákveðna tímafresti vegna umsókna til Minjastofnunar um rannsóknarleyfi, ekki þurfi að tiltaka að þeim sem fá slík leyfi beri að hlíta reglum og skilyrðum sem stofnunin setur og að ekki sé ástæða til að setja fortaklausar reglur um skil gripa eða reglur um ákveðinn tímafrest til að skila gripum og sýnum við lok fornleifarannsóknar, svo dæmi séu tekin.

- Þessu er til að svara að samkvæmt frumvarpinu er megintilgangur þess að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Til þess að ná þessu markmiði hefur löggjafinn heimild til að setja lög og reglur og hafa eftirlit með þeim sem vinna með menningarfinn svo yfirsýn fáist yfir það sem verið er að gera honum. Þetta virðist andstætt skoðun umsagnaraðila, sem skv. umsögn sinni telja að það sé atvinnuréttur

fornleifafraeðinga að stunda þær rannsóknir (með eða án jarðrask) sem þeir óska og þar með að allt regluverk, kröfur og skilyrði frá stjórnsýslunni vegna slíkra verkefna skuli vera sem minnst hamlandi fyrir starfsemi þeirra.

- Ekki er hægt að fallast á þessi rök eða þá meginhugsun um atvinnufrelsi án mikilla takmarkana í lögum og reglum sem þar virðist að baki.

- Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1096:

Eiríkur Guðmundsson / Þjóðskjalasafn Íslands fjallar um 1 grein frumvarpsins, og gerir tillögu um breytingar á henni:

10. gr. – Um minjasvæði og minjaráð: Lagt er til að skv. 2. mgr. verði haft samráð um starfsemi minjaráða við öll helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja, en ekki aðeins Minjastofnun og höfuðsöfn, eins og nú segir þar. Vísað er til þess samráðs sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr. sem fyrirmynd að því sem hér gæti átt við.

- Sjálfsagt er að tryggja sem mest samráð um starfsemi minjaráða, til að þau geti sem best gegnt hlutverki sínu. Með ábendingunni er m.a. verið að vísa til mikilvægis opinberra skjalasafna (t.d. héraðsskjalasafna) í þessu samhengi, en einnig má nefna menningarsetur helguð afmörkuðum viðfangsefnum, t.d. einstökum listamönnum og rithöfundum, sem er að finna víða um land.

- Lögð er til sú breyting á 10. gr., að 2. mgr. hennar hljóði svo:

„Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis, sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.“

Erindi nr. Þ 140/1103:

Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir / Byggðasafn Skagfirðinga fjalla um 9 greinar frumvarpsins, og gera athugasemdir við nokkur atriði þeirra. Hér verður fjallað um þau helstu:

3. gr. – Um skilgreiningu fornminja: Hér er lagt til að kveðið skuli á um að fornminjar verði skilgreindar sem fornminjar.

- Í athugasemdinni gætir þess misskilnings að í allar fornminjar teljist þjóðminjar. Svo er ekki, eins og ljóst er af 1. mgr. 2. gr. og umfjöllun um hana í athugasemdum við þá grein um frumvarpið; aðeins þær fornminjar sem sérstaklega eru skilgreinar sem svo teljast þjóðminjar. *- Ekki lögð til breyting.*

4. gr. – Um byggingararf: Lagt er til að orðalagi 1. málslíðar verði breytt þannig að til byggingararfs teljist hús og önnur mannvirki o.s.frv. Vísað er til þess að þar sem hús teljast mannvirki geti þetta orðalag verið villandi; í öðrum greinum frumvarpsins, t.d. í 1. gr., er notað orðalagið „hús og önnur mannvirki“.

- Góð ábending, og vert að breyta orðalagi málslíðarins í samræmi við hana:

- Lögð er til breyting á 4. gr., að 1. málslíður hennar hljóði svo:

„Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:“

37. gr. – Um rannsóknarleyfi: Því er haldið fram að tímamörk umsókna um rannsóknarleyfi séu óhófleg, þ.e. fjórar vikur; oft komi framkvæmdarannsóknir óvænt upp og þurfi þá að bregðast við þeim með meiri hraða afgreiðslu.

- Þarna er um misskilning að ræða; í 38. gr. er vísað til þess að rannsóknir vegna óþekktra minja sem koma í ljós við rannsóknir eru háðar öðrum reglum, auk þess sem segir í 37. gr. að Minjastofnun skuli taka afstöðu til umsókna eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsókn berst. *- Ekki lögð til breyting.*

40. gr. – um lok fornleifarannsóknar: Lagt er til að í stað þess að í 1. mgr. segi „Öllum gripum og sýnum sem finnast ...“ sé eðlilegra íslenskt mál að segja „Öllum gripum sem finnast og sýnum sem tekin eru ...“.

- Góð ábending, og vert að breyta orðalagi málgreinarinnar í samræmi við hana.

- Lögð er til breyting á 1. mgr. 40. gr., aðhún hljóði svo eftir breytingar:

„Öllum gripum sem finnast og sýnum sem tekin eru skal skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra ásamt skrá yfir gripi og sýni í því formi sem safnið ákveður.“

Erindi nr. Þ 140/1105:

Hrafn Sveinbjarnarson / Héraðsskjalasafn Kópavogs fjallar ekki um einstakar greinar fyrirbyggjandi frumvarps í umsögn sinni, en vísar hvað það varðar til umsagnar héraðsskjalavarða Kópavogs og Árnesinga um það frumvarp sem lá fyrir Alþingi á síðasta vetri, og var send menntamálanefnd Alþingis 12. maí 2011 (sjá erindi nr. Þ 139/2420).

- Í umræddri umsögn sinni fjölluðu héraðsskjalaverðir Kópavogs og Árnesinga almennum orðum um m.a. íslenska lagahefð og útflutning á menningarverðmætum, skjalasöfn og skjöl, og gildi alþjóðlegra samninga, en í henni var ekki að finna efnislegar tillögur um breytingar á því frumvarpi til laga um menningarminjar sem þá var til umræðu – og svo er heldur ekki nú. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1106:

Oddgeir Isaksen fornleifafræðingur á Fornleifastofnun Íslands fjalla einkum um svonefnda 100 ára reglu, án þess að vísa til ákveðinna greina frumvarpsins, en umræða um hana beinist að 3. gr.:

3. gr. – Um fornminjar: Lagt er til að haldið verði við 100 ára regluna um friðun fornminja, en ekki verði miðað við ákveðið ártal eins og gert er í frumvarpinu (1900).

- Í athugasemdum um greinina er fjallar ítarlega um forsendur þeirrar breytingar, sem hér um ræðir, og rétt að vísa til þeirrar umfjöllunar. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1112:

Kristín Huld Sigurðardóttir / Fornleifavernd ríkisins fjallar um 1 grein frumvarpsins í umsögn sinni, og almennt um ætluð samskipti lögaðila, sem fjallað er um í frumvarpinu.

- Auk þessa er Kristín Huld Sigurðardóttir / Fornleifavernd ríkisins aðili að annarri umsögn um frumvarpið (erindi nr. Þ 140/1113).

13. gr. – Um minjaverði: Mælt er gegn því að heimilað verði skv. 2. mgr. að fela minjavörðum eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands með þjónustusamningi milli Þjóðminjasafns og Minjastofnunar Íslands (sem minjaverðir starfa fyrir).

- Þessi athugasemd er ný af hálfu Fornleifaverndar, sem þó hefur sent ítarlegar athugasemdir við frumvarpið á fyrri stigum, síðast til menntamálanefndar Alþingis við umræður um frumvarpið á síðasta þingi (sjá erindi nr. Þ 139/2334). Rétt er að benda á að hér er um heimildarákvæði að ræða, sem sett er til að minjaverðir geti sem best þjónað hagsmunum minjavörslunnar í landinu í heild, eins og fjallað er um í athugasemd um viðkomandi grein frumvarpsins; væntanlega verður hægt að tryggja rétta og viðunandi stjórnsýslu þeirra þátta sem um ræðir í þeim þjónustusamningum, sem gerðir verða á milli aðila, og ættu að geta verið til hagræðis fyrir báða aðila. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1113:

Hjörleifur Stefánsson / Íslenska ICOMOS-nefndin sendir sameiginlega umsögn um frumvarpið fyrir sína hönd og fimm annarra aðila, þ.e. Orra Vésteinssonar / Námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Kristínar Huld Sigurðardóttur / Fornleifaverndar ríkisins, Elínar Ósk Hreiðarsdóttur /

félags íslenskra fornleifafræðinga, Ármanns Guðmundssonar / Fornleifafræðinga Íslands, og Nikuláss Úlfars Mássonar / Húsafriðunarnefndar. Lagt er fram nýtt frumvarp án þess að greina breytingar sem í því felast frá fyrirliggjandi frumvarpi, og verður því að telja að hér sé fjallað um allar 59 greinar þess.

Við skoðun á mun fyrirliggjandi frumvarps og þeirrar tillögu sem hér er lögð fram að nýju frumvarpi er ljóst að í þessari tillögu að nýja frumvarpi er að mestu leyti kollvarpað þeirri meginhugsun sem býr að baki frumvarpi ráðherra til laga um menningarminjar og þeim þrem lögum tengdum því, sem nýbúið er að samþykka á Alþingi. Þessi breytingartillaga ber í heild sinni vott um að hópurinn hafa tæpast þá yfirsýn yfir allan málaflokkinn og samhengi laga, sem nauðsynleg er og hefur verið gegnumgangandi við gerð upphaflegu frumvarpanna fjögurra, sem lögð voru fram í sameiningu á síðasta þingi. Verði gerðar slíkar grundvallarbreytingar á fyrirliggjandi frumvarpi, sem hópurinn leggur til, þarf að jafnframt að endurskoða nýleg lög um Þjóðminjasafn Íslands, safnalög og lög um skil á menningarverðmætum til annarra landa.

Eftirfarandi eru nokkur meginatriði sem lagt er til að breytt verði en eindregið er lagst gegn:

1. Nota eigi hugtökin „friðun“ og „friðun sem er þinglýst“ og verði þannig að þjóðminjum, í stað þess að notuð verði hugtökin „friðun“ og „friðlýsing“, líkt og gert er í frumvarpinu.

- Samkvæmt tillögunni vilja húsafriðunarmenn halda áfram að nota orðið „friðun“ fyrir byggingar og mannvirki sem eru friðlýst og vilja ekki gera greinarmun á friðun vegna aldurs og friðlýsingu ráðherra. Þeir hafa komið þeirra skoðun á framfæri á fyrri stigum, en ekki hefur verið fallist á rök þeirra.

- Fornleifageirinn hefur hingað til verið sáttur við friðun, t.d. vegna aldurs, og friðlýsingu á sérlega mikilvægum minjum, en samkvæmt þátttöku ýmissa fulltrúa úr þeim hópi í umsögninni hefur þarna orðið breyting á.

- Tilgangur frumvarps um menningarminjar er m.a. að skerpa á skilgreiningum og einfalda þær eftir því sem kostur er. Þjóðminjar eru t.d. samkvæmt því ekki aðeins friðlýstar minjar heldur einnig lausir gripir eða hlutir, sem varðveittir eru á Þjóðminjasafni Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum.

- Ekki lögð til breyting.

2. Lagt er til að Minjastofnun Íslands skuli hafa umsjón með húsasafni ríkisins.

- Þessi tillaga gengur gegn meginhugsun sem felst í frumvarpinu um að Minjastofnun Íslands annist stjórnsýslu á sviði menningarminja, en söfn, m.a. Þjóðminjasafn Íslands, sinni varðveislubættinum. Þessi aðgreining hlutverka er skýr í fyrirliggjandi frumvarpi. Því ljóst að með því að færa forræði yfir friðlýstum húsum í eigu ríkisins og þar með húsasafni Þjóðminjasafnsins til Minjastofnunar Íslands væri kollvarpað þessum tilgangi laganna um skýra aðgreiningu stjórnsýslu og varðveislubættinum, eðli Minjastofnunar Íslands yrði breytt og markmiðum frumvarpsins ekki náð. Þá má einnig benda á að í eigu ríkisins eru ýmis hús, sem hafa verið friðuð (skv. gildandi lögum) án þess að vera hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins (t.d. Þjóðmenningarhúsið og aðalbygging Háskóla Íslands) og verði þau hús sett undir Minjastofnun væri stofnuninni í reynd ætlað að hafa eftirlit með sjálfri sér.

Minjastofnun er skv. fyrirliggjandi frumvarpi eingöngu ætlað að vera stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, en Þjóðminjasafn Íslands er varðveislustofnun skv. lögum um safnið, og því er það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu talið heppilegast fyrir málaflokkinn. Einnig má benda á að hús í eigu Þjóðminjasafnsins eru skráðir safngripir á sama hátt og aðrir gripir í safninu og hafa verið gefin eða seld safninu til varðveislubættinum í gegnum tíðina á þeim grundvelli.

- Ekki lögð til breyting.

3. Lagt er til að ákvæði um skyndifriðun (20. gr.) verði felld niður á þeirri forsendu að almenn friðunarheimild Minjastofnunar Íslands geri sama gagn.

- Hér gæti misskilnings. Skyndifriðun er verkfæri stofnunarinnar til að vinna sér tíma til að skoða viðkomandi mál betur og taka í kjölfar slíkrar skoðunar ákvörðun um hvort leggja eigi til við ráðherra að friðlýsa minjarnar eða hvort ekki sé talin ástæða til þess. Skyndifriðun hefur hingað til verið talið mikilvægt verkfæri og það var skv. tillögu húsafriðunarnefndar lagt til í frumvarpinu að ráðrúmið sem stofnunin hefur til að kanna málavexti væri lengdur úr tveim vikum í sex. Með undirskrift sinni á

Þessa sameiginlegu umsögn virðist forstöðumaður Húsafriðunarnefndar vera að falla frá þessari fyrri skoðun stofnunarinnar. - Ekki lögð til breyting.

4. Hvað fyrirkomulag stjórnýslu á sviði fornleifaverndar og skipun fornminjanefndar varðar þá svipar athugasemdum hópsins til annarra athugasemda, sem þegar hefur verið fjallað um í þessari greinargerð. - Ekki lögð til breyting.

5. Lagt er til að það verði ekki hlutverk fornminjanefndar og Minjastofnunar Íslands að gera tillögu að stefnumótun um fornleifarannsóknir, en að það verði hlutverk Háskóla Íslands.
- Eins og fram kemur í 7. gr. frumvarpsins er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að gera tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndum og varðveislu menningarminja, m.a. að höfðu samráði við höfuðsöfn og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja. Til að geta mótað stefnu í verndun fornleifa er nauðsynlegt að líta ekki aðeins til fræðilegrar hliðar mála, heldur einnig að hafa m.a. rannsóknarþáttinn og varðveislubáttinn með, því ákvörðun á hverju sviði fyrir sig hefur áhrif á verndun og varðveislu menningarminja í heild - ekki er hægt að skilja þessi atriði að. Stefnumótun og mat á verndun og stefnumótun og mat á því sem þarf eða óskað er eftir að rannsaka er óaðskiljanlegt, og ekki er talið ráðlegt að færa einni stofnun það hlutverk að gera tillögur um slíka stefnumótun, en þess í stað skuli reynt að tryggja eftir föngum að viðtækt samráð verði viðhaft við undirbúning slíkra tillagna. - Ekki lögð til breyting.

6. Lagt er til að kveðið verði á um í lögum að Minjastofnun Íslands verði skipt upp í fagsvið.

- Fjallað er um hlutverk Minjastofnunar í 11. gr., en í 12. gr. (um forstöðumann) segir m.a. „Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri hennar (stofnunarinnar).“ Reynslan hefur sýnt að ekki er heppilegt að kveða á um innra skipulag stofnana í lögum, þar sem innra skipulag þeirra kunna að breytast, og viðhorf til stjórnunar, skipan verkþátta og fyrirkomulag kann að breytast með tímanum. Því hefur almennt verið horfið frá því að kveða á um innra skipulag stofnana ríkisins í nýjum lögum, til að tryggja þeim nauðsynlegan sveigjanleika; slík ákvæði eigi fremur heima í reglugerð, sem auðveldara er að breyta, ef þörf krefur. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1119:

Guðjón Bragason / Samband íslenskra sveitarfélaga fjallar um 4 greinar frumvarpsins, og gera athugasemd við nokkur atriði. Hér verður fjallað um þau helstu:

55. gr. – Um dagsektir: Ítrekuð er athugasemd sem fram kom í umsögn um frumvarpið á fyrra stigi (sjá erindi nr. Þ 139/2347) um að það þurfi að liggja skýrt fyrir hvort að umrædd dagseктаheimild Minjastofnunar Íslands beinist aðeins að framkvæmdaraðilum, þ.e. einstaklingum og lögaðilum sem fara ekki að ákvæðum laganna, eða hvort ákvæðið geti einnig beinst að sveitarfélögum. Það sé ekki ásættanlegt að sveitarfélög geti átt yfir höfði sér slíkar sektir þótt einhver dráttur verði á að skila upplýsingum, sem þau eiga e.t.v. að skila Minjastofnun skv. a. lið 1. mgr. 55. gr. – Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu til að taka af allan vafa um þetta atriði.

- Rétt er að taka af allan vafa á þessu sviði, þar sem hugmyndin að baki heimildinni snýst ekki um mögulega seina upplýsingagjöf sveitarfélaga.

- Lögð er til sú breyting á 55. gr., að 1. málslíður 1. mgr. hennar hljóði svo:

„Minjastofnun Íslands getur lagt allt að 300.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á framkvæmdaraðila sem vanrækir að:“

57. gr. – Um reglugerðarheimild: Bent er á að taka ætti fram í greininni að ráðherra beri að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga ef ákveðið verður að setja reglugerðir um fornleifaskráningu og húsafriðun. Þar sem sveitarfélögin fara með framkvæmd skipulagsmála er mikilvægt að gætt sé fyllsta samræmis við löggjöf og framkvæmd á því sviði við frekari útfærslu í reglugerðum.

- Þörf ábending, sem vert er að verða við.

- Lögð er til sú breyting á 55. gr. að við hana bætist ný málsgrein, sem hljóði svo:

„Við setningu reglugerða um fornleifaskráningu og húsafriðun ber að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.“

Erindi nr. Þ 140/1120:

Brynja Björk Birgisdóttir fornleifafræðingur fjallar um 2 greinar frumvarpsins, og gerir athugasemd við þær:

8. gr. – Um skipan fornminjanefndar: Talið er að hlutfall fagfólks í nefndinni sé of lágt, og því er lagt til að félag fornleifafræðinga tilnefni tvo fulltrúa og fellt verði niður að forvörður verði tilnefndur.

- Skv. tillögunni eiga fornleifafræðingar að tilnefna tvo nefndarmenn, en þeir sem annast forngripi (forverðir eða safnafólk) enga. Þannig virðist skapað misvægi í nefndinni, þ.e. hún verði vel mönnuð þeim sem stundi uppgrefti og aðrar rannsóknir, en þar verði enginn fulltrúi þeirra sem vinna að varðveislu fornleifa og forngripa. Þar með er hætt við að áherslur nefndarinnar beinist að fornleifum, en ekki fornminjum almennt, eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. - Ekki lögð til breyting.

15. gr. – Um skráningu og skil á gögnum: Í greininni er fjallað um skráningu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja og skil á slíkum gögnum slíkra skráninga, sem ber skv. greininni að skila til Minjastofnunar Íslands sem stjórnáskjalstofnunar; hins vegar er mælt með því að gögnum vegna fornleifarannsókna verði skilað til Þjóðminjasafns Íslands, og það talið eðlilegra og hagkvæmara.

- Í athugasemdinni gætir þess misskilnings að í greininni sé m.a. verið að fjalla um gögn vegna fornleifarannsókna, en svo er ekki; skv. 40. gr. ber að skila slíkum gögnum, skýrslum, gripum og sýnum til Þjóðminjasafns Íslands. - Ekki lögð til breyting.

Erindi nr. Þ 140/1169:

Nefndinni hefur borist sameiginleg umsögn átta aðila um frumvarpið, en þeir eru: Margrét Hallgrímsdóttir / Þjóðminjasafn Íslands, Halldór Björn Runólfsson / Listasafn Íslands, Helgi Torfason / Náttúruminjasafn Íslands, Guðný Dóra Gestsdóttir / fulltrúi félags ísl. safna og safnmanna í safnaráði, Jenný Lind Egilsdóttir / fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga í safnaráði, Raket Halldórsdóttir / framkvæmdastjóri safnaráðs, Ólöf Sigurðardóttir / formaður Íslandsdeildar ICOM, og Sigríður Melrós Ólafsdóttir / formaður félags ísl. safna og safnmanna. Þau gera athugasemdir við 13 greinar frumvarpsins, auk þess að setja fram ábendingar um meginefni athugasemda við frumvarpið. Sömu aðilar sendu sameiginlega umsögn um fyrri útgáfu frumvarpsins til menntamálanefndar Alþingis (sjá erindi nr. Þ 139/2284). Að þessu er fjallað um 13 greinar frumvarpsins:

8. og 9. gr. – Um hlutverk fornminja- og húsafriðunarnefnda: Lagt er til að d. lið 2. mgr. 8. gr. um fornminjanefnd annars vegar og d. lið 2. mgr. 9. gr. um húsafriðunarnefnd hins vegar verði breytt á þann veg að nefndirnar sjálfar úthluti styrkjum úr viðkomandi sjóðum, fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði, en veiti ekki aðeins umsögn um styrkumsóknir.

- Samkvæmt c. og d. liðum 2. mgr. 8. og 9. gr. frumvarpsins verður það hlutverk viðkomandi nefnda annars vegar að setja umræddum sjóðum úthlutunarreglur sem ráðherra staðfesti, og síðan að veita umsögn um styrkumsóknir úr sjóðnum. Samkvæmt k. lið 11. gr. frumvarpsins verður það síðan verkefni stjórnáskjalstofnunarinnar sem annast þetta málasvið, Minjastofnunar Íslands, að úthluta styrkjum úr sjóðunum að fengnum umsögnum þessara fagnefnda, sem og að annast umsýslu sjóðanna. Hér er verið að færa fyrirkomulag úthlutunar styrkja til svipaðs fyrirkomulags og gildir um ýmsa aðra sjóði á menningarsviðinu. Þannig er t.d. um úthlutanir úr tónlistarsjóði og leiklistarsjóði, þ.e. að fagnefndir gera tillögur um úthlutanir sem eru síðan í höndum ráðherra; skv. nýjum safnalögum (nr. 141/2011) verða úthlutanir úr safnasjóði í höndum ráðherra að fengnum umsögnum

safnaráðs. Er talið eðlilegt að sama fyrirkomulag verði viðhaft um úthlutanir úr þessum sjóðum, þ.e. að úthlutun sé í höndum æðra stjórnvalds en umsagnaraðila. - Ekki lögð til breyting.

11. gr. – Um hlutverk Minjastofnunar Íslands: Lagt er til að orðalagi í a., c. og d. liðum greinarinnar verði breytt á þann veg að í stað þess að þar sé vísað til „friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja“ verði vísað til „byggingararfs“, og að skip og bátar verði talin til byggingararfs (og verði þá bætt inn í skilgreiningu byggingararfs skv. 4. gr.?) í stað þess að teljast til forngripa (eins og lagt er til í frumvarpinu skv. 3. gr.). Þá er lögð til breyting á f. lið greinarinnar til að tryggja varðveislu og öryggi menningararfs innanlands ef hætta er á eyðileggingu þeirra að öðrum kosti.

- Í íslenskri orðabók er orðið „mannvirki“ skilgreint með eftirfarandi hætti: „E-ð gert af mann höndum, einkum meiri háttar byggingar jarðfastar (t.d. hús, brú, virkjun)“. Það er ljóst að skip og bátar eru ekki jarðfastar einingar, og skilgreining frumvarpsins á þeim sem forngripum skv. 3. gr. því í góðu samræmi við íslenskt mál. - Ekki lögð til breyting.

- Í f. lið greinarinnar felst heimild til handa stofnuninni til að ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur, en nánar er fjallað um skyndifriðun í 20. gr. Þar kemur fram að um sé að stofnunin geti ákveðið skyndifriðun staðbundinna menningarminja, og virðist einfaldara að koma til móts við þær áhyggjur sem koma fram í umsögninni með því að breyta þeirri grein fremur en að breyta umræddu hlutverki stofnunarinnar í 11. gr. - Ekki lögð til breyting.

13. gr. – Um minjaverði: Mælt er gegn því að heimilað verði skv. 2. mgr. að fela minjavörðum eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands með þjónustusamningi milli Þjóðminjasafns og Minjastofnunar Íslands (sem minjaverðir starfa fyrir).

- Þessi athugasemd er ný af þessa hóps umsagnaraðila. Hér er um heimildarákvæði að ræða, sem sett er til að minjaverðir geti sem best þjónað hagsmunum minjavörslunnar í landinu í heild, eins og fjallað er um í athugasemd um viðkomandi grein frumvarpsins; væntanlega verður hægt að tryggja rétta og viðunandi stjórnslu þeirra þátta sem um ræðir í þeim þjónustusamningum, sem gerðir verða á milli aðila, og ættu að geta verið til hagræðis fyrir báða aðila. - Ekki lögð til breyting.

15. gr. – Um skráningu og skil á gögnum: Í greininni er fjallað um skráningu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja og skil á slíkum gögnum slíkra skráninga, sem ber skv. greininni að skila til Minjastofnunar Íslands sem stjórnslustofnunar; mælt er með því að gögnum vegna fornleifarannsókna verði skilað til Þjóðminjasafns Íslands, og það talið eðlilegra og hagkvæmara.

- Ábending sama eðlis hefur komið fram áður (sjá umfjöllun um erindi nr. Þ 140/1120 hér að ofan). Í athugasemddinni gætir þess misskilnings að í greininni sé verið að fjalla um gögn vegna fornleifarannsókna, en svo er ekki; skv. 40. gr. ber að skila slíkum gögnum, skýrslum, gripum og sýnum til Þjóðminjasafns Íslands. - Ekki lögð til breyting.

18. gr. – Um friðlýsingu: Lagt er til að við 1. mgr. bætist setning þess efnis, að friðlýsa megi skip og báta sem hafa menningarsögulegt gildi.

- Ætla má að heimild til friðlýsingar skv. 18. gr. verði fyrst og fremst notuð til að vernda yngri menningarminjar en friðunarákvæði frumvarpsins vegna aldurs ná til (þ.e. forngripir og fornleifar frá 1900 og eldri og skip og bátar frá því fyrir 1950 skv. 3. gr., og hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri skv. 29. gr.) og er eðlilegt að slík heimild til friðlýsingar nái einnig til skipa og báta.

- Lögð er til sú breyting á 18. gr., að 1. málslíður 1. mgr. hennar hljóði svo:

„Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.“

20. gr. – Um skyndifriðun: Lagt er til að ákvæði um skyndifriðun menningarminja nái einnig til skipa og báta, en núverandi tilvísun í 1. mgr. til „staðbundinna menningarminja“ nær hvorki til þeirra né annarra forngripa (lausamuna). Með breytingu á þessu ákvæði er einnig hægt að koma til móts við þær ábendingar sem komu fram hér að ofan vegna f.-liðar 11. gr.

- Lögð er til sú breyting á 20. gr., að í 1. málsliður 1. mgr. hennar verði orðið „staðbundinna“ felld brott. Að lokinni breytingu hljóði málsgreinin í heild svo:

„Minjastofnun Íslands getur ákveðið skyndifriðun menningarminja sem hafa sérstakt menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, en hafa þó ekki verið friðlýstar eða njóta lögbundinnar friðunar, sé hætt á að minjunum verði spillt, þær glattist eða gildi þeirra rýrt á einhvern hátt. Meðan á skyndifriðun stendur gilda reglur um friðlýsingu.“

29. gr. – Um friðuð mannvirki: Lagt er til að greininni verði breytt á þann veg að auk þess sem þar segir um friðun húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra verði sett inn ákvæði þar sem segi: „Öll söguleg hús á safnsvæðum, sem teljast til safnkosts, eru friðuð.“ Samkvæmt rökstuðningi er talið mikilvægt að kveða úr um þetta í lögum, enda sé átt við hús sem tilheyra safnkosti viðkomandi safna, og m.a. hús í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

- Í 29. gr. er skilgreind með einföldum hætti friðun húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs, en í IV. kafla frumvarpsins (18. – 20. gr.) er fjallað um möguleika ráðherra til að friðlýsa hús, mannvirki eða hluta þeirra (sem m.a. geta verið yngri en sem nemur aldursmörkum 29. gr.) sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir tveimur skýrum leiðum við verndun húsa, þ.e. friðun á grundvelli aldurs og friðlýsingar á grundvelli annarra gilda, og ættu þessar leiðir að duga vel til verndunar húsa á safnsvæðum jafnt sem annars staðar. Með því að skilgreina þriðju leiðina, þ.e. um sérstaka friðun húsa sem eru talin söguleg, eru á safnsvæðum og teljast til safnkosts, væri verið að gera málaflokkinn flóknari fremur en einfaldari, eins og stefnt er að. Tillagan virðist einnig óþörf, þar sem flest hús sem teljast safnkostur minjasafna eru að líkindum nægilega gömul til að njóta friðunar skv. 29. gr. (m.a. hús í húsasafni Þjóðminjasafni Íslands), en önnur er hægt að friðlýsa, komi fram tillögur um slíkt.

- Ekki lögð til breytingu.

40. gr. – Um lok fornleifarannsóknar: Lagt er til að bætt verði við greinina ákvæðum um að Þjóðminjasafn Íslands annist forvörslu forngripa og varðveiti þá, og að viðkvæmum forngripum (s.s. lífrænum gripum og málmgripum) skuli komið til forvörslu eins fljótt og auðið er til að tryggja langtímarvarðveislu þeirra.

- Í 1. mgr. er kveðið á um að öllum gripum og sýnum sem finnast við fornleifarannsóknir skuli skilað til Þjóðminjasafns Íslands innan árs frá fundi þeirra, og eru slík tímamörk talin eðlileg, enda væri hægt að túlka það orðalag með ýmsum hætti sem hér er lagt til um viðkvæma muni (sem jafnframt eru aðeins skilgreindir með dæmum sem gætu náð til flestra gripa sem finnast við fornleifarannsóknir). Þá er ekki talið eðlilegt að setja ákvæði um verkefni Þjóðminjasafns Íslands í þessi lög umfram það sem hér er lagt til; ákvæði þessa efnis er í reynd að finna í b.-lið 2. mgr. 3. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands. nr. 140/2011.

- Ekki lögð til breytingu.

42. gr. – Um fornminjasjóð: Lagt er til að felld verði út úr 1. mgr. heimild til að veita styrki til skipa, báta og annarra samgöngutækja, og talið eðlilegra að slíkar minjar geti notið styrkja úr húsafriðunarsjóði sem byggingararfur.

- Sjá umræðu um tillögu til breytingar á 11. gr. hér að framan; þar er því hafnað m.a. með vísan til íslenskrar orðabókar að skip og bátar verði skilgreind sem mannvirki. Þau, ásamt samgöngutækjum, teljast til forngripa skv. 3. gr. frumvarpsins, og því er eðlilegt að slíkir gripir geti notið styrkja úr fornminjasjóði.

- Ekki lögð til breytingu.

43. gr. – Um húsafriðunarsjóð: Tillaga er gerð um breytingu á ákvæðum greinarinnar í samræmi við tillögu um breytingu á 42. gr.

- Þar sem ekki er lögð til breyting á 42. gr. á grundvelli umsagnarinnar, fellur þessi tillaga einnig niður sem óþörf.

- Ekki lögð til breytingu.

45. gr. – Um menningarminjar sem ekki er heimilt að flytja úr landi án formlegs leyfis: Lögð er til breyting á 1. lið þannig að ákvæðið taki einnig til hluta og sýna úr þeim forngripum sem um ræðir; einnig er lagt til að samsvarandi breyting verði gerð á 2. lið, þ.e. að þar verði einnig vísað til sýna.

- Þessar tillögur hafa komið fram áður. Sú skilgreining sem felst í liðunum er víðtækari en svo, að hún verði aðeins skilin sem tilvísun til sýna, sem tekin eru í rannsóknarskyni. Af tilskipun ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 er ljóst að hér er ekki eingöngu átt við sýni heldur geta slíkir hlutar t.d. verið vængir af altaristöflu, rammar listaverka o.s.frv. Því er talið rétt halda núverandi orðalagi en þrengja það ekki til að það eigi eingöngu við sýni sem tekin eru í rannsóknarskyni. - Ekki lögð til breytingu.

46. gr. – Um umsókn um leyfi til flutnings: Hér er lagt til að í vísun 2. mgr. til samráðsaðila verði sérstaklega vísað til forstöðumanna viðkomandi höfuðsafna og stofnana o.s.frv., og að strikað verði út „og þeirra safna“. Einnig er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein, þar sem vísað verði til skyldu ráðherra til að tryggja varðveislu og öryggi umræddra verðmæta, verði niðurstaðan sú skv. heimild 44. gr. að koma í veg fyrir útflutning tiltekinna menningarminja.

- Tillagan um breytingu á 2. mgr. byggir á misskilningi um eðli verkefnisins. Aðeins eru skilgreind þrjú höfuðsöfn í landinu skv. lögum (Listasafn Ísland, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands) en mögulegt er að leita þurfi samráðs vegna t.d. skjala, handrita, bóka, ljósmynda, kvikmynda og fleiri tegunda menningarminja. Þar búa önnur söfn (t.d. Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands) yfir meiri sérfræðipækkingu en höfuðsöfnin þrjú, og því eðlilegt að Minjastofnun leiti samráðs við slík söfn, en verði ekki skv. lögum bundið við að leita aðeins samráðs við höfuðsöfnin. - Ekki lögð til breytingu.

- Síðari tillagan er ný, en virðist byggja á misskilningi. Heimild ráðherra til að koma í veg fyrir útflutning menningarminja skv. 44. gr. byggir á skilgreiningu þeirra sem þjóðarverðmæta skv. 2. mgr. 2. gr., en veiting leyfis til útflutnings annarra menningarminja er í höndum Minjastofnunar Íslands skv. 47. gr. Því er haldið fram að það sé óeðlilegt að löggjöfin geri ráð fyrir að unnt sé að koma í veg fyrir að menningarminja séu flutt úr landi, en tryggi ekki áframhaldandi varðveislu þeirra innanlands. Því er til að svara að verði farið að þessari tillögu verður hins vegar til eins konar „kaupskylda“ af hálfu hins opinbera á öllum menningarminjum sem ekki verður veitt heimild til að flytja úr landi, því að „ríkiseign“ sé væntanlega eina leiðin til að tryggja varðveislu og öryggi umræddra minja. Það hefur ekki komið til umræðu við undirbúning frumvarpsins að taka upp slíkt ákvæði. - Ekki lögð til breytingu.

Erindi nr. Þ 140/1393:

Svanhildur Bogadóttir / Borgarskjalasafn Reykjavíkur fjallar um einstakar greinar fyrirbyggjandi frumvarps í umsögn sinni án þess að gera beinar tillögur um breytingar á þeim, en telur að fjalla þurfi með ítarlegri hætti en gert er í frumvarpinu um verndun skjala og skjalasafna. Einnig er bent á að tryggja þurfi þátttöku opinberra skjalasafna í starfi minjaráða skv. 10. gr.

- Í frumvarpinu er m.a. vísað til mynda, skjala, handrita og bóka sem mögulegra þjóðarverðmæta, sem munu njóta sérstakrar athygli skv. frumvarpinu. Þá er í 45. gr. (um menningarminjar sem ekki er heimilt að flytja úr landi án formlegs leyfis), einkum 6. – 12. tölulið, fjallað um gögn af þessu tagi.

Almenn ákvæði um verndun skjala og skyldra gagna er hins vegar að finna í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands (nr. 66/1985), og væntanlega verður á næstunni lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga á þessu sviði, sem mun bera heitið „frumvarp til laga um opinber skjalasöfn“.

- Í kjölfar svipaðrar ábendingar um minjaráð hefur verið gerð tillaga um breytingu á 10. gr. þessa frumvarps (sjá umræðu um erindi nr. Þ 140/1096). - Ekki lögð til breytingu.

Erindi nr. Þ 140/1469:

Kristín Huld Sigurðardóttir / Fornleifavernd ríkisins sendi nefndinni afrit af bréfi sínu til mennta- og menningarmálaráðuneytis dags. 13. febrúar 2012, þar sem fjallað er um fjárbeiðni stofnunarinnar vegna undirbúnings fjárlaga ársins 2013.

- Efnis bréfsins er fyrirbyggjandi frumvarpi óviðkomandi.